

Fundur upplýsingaráðs 14. desember 2015 kl. 16.30

Mættir: Jón Halldór Jónasson (JHJ), Helga Stefánsdóttir (HS), Heiður Dögg Sigmarsdóttir (HDS) og Eva Rós Sveinsdóttir (ERS).

Gestir: Halldór Valberg Skúlason (HVS) og Guðný Rós Jónsdóttir (GRJ).

1. Skátabúningurinn:

- a. Farið yfir punkta frá RUS og vinnuskyrtur Jambó. Vinnuskyrtunarn komu mjög vel út og allir mjög sáttir með þær. Nýju skyrtunarn eru þæginlegri enn þær gömlu en það vantar spísana á hana og þær upplituðust í sólinni á Jambó.
 - b. Þarf að fara yfir núverandi reglugerð um skátabúninga, gera smávæginlegar breytingar og skila inn til stjórnar. Fara svo á fullt við að vinnu á nýrri reglugerð svo hægt sé að leggja fram tillögu sem lögð verður fram á skátaþingi í mars 2016.
 - i. HS og JHJ leggja til að upplýsingaráð verði með fasta tillögu til skátaþings en ekki að upplýsingaráð fái endalausar tillögur um málefnið.
 - ii. HVS og GRJ koma með þann punkt að nýja skyrtan sé ekki jafn góð og í upphafi hafi verið talið. Krumpast og verða mjög fljótt subbulegar.
 - iii. Alþjóðamerkið sem nú er í notkun er eitthvað skrítið. Þarf að athuga bróðeringu versus ofið merki (líkt og nú).
 - iv. Vinnuskyrtunarn sem notaðar voru á Jamboree eru mun meiri gæðavara heldur en skyrtunarn sem notaðar eru sem hátíðarbúningur í dag.
 - v. Við ættum að hafa það að leiðarljósi að við erum útivistarhreyfing og skátabúningurinn ætti að endurspegla það. Gæti verið sniðugra að hafa útivistarfatnað, frekar en skyrtur?!?
 - c. ERS á að senda öll gögn sem til eru um búningamál BÍS, svo meðlimir ráðsins auk HVS og GRJ geti undirbúið sig fyrir næsta fund.
 - d. Næsti fundur upplýsingaráðs verður mánudaginn 11. Janúar 2016, kl. 16:30.
 - e. HVS kemur með þá tillögu að vinir hans sem eru í hönnunarnámi megi teikna upp nokkrar hugmyndir af skátabúningi og jafnvel búa til.
 - f. ERS kemur með hugmynd frá Guðmundi Finnbogasyni um að taka upp sama búning og danir. Athuga hvort að það sé hægt að fá sýnishorn af dönskum skátabúning fyrir næsta fund.
2. JHJ óskar eftir því að dagskrá verði send út fyrir fundi svo að það sé hægt að undirbúa sig fyrir fundi. Ágætt er að hafa það sem vinnureglu að fundardagskrá sé send út á fimmtudegi fyrir fund. Einnig að fundargerðir séu sendar á ráðsmenn til samþykktar svo að hægt sé að setja þær á netið.
3. Skátablaðið er í prentun og verður sent út í þessari viku. Ráðið vill þakka öllum þeim sem lögðu hendur á plóg við gerð blaðsins. Og þökkum JHJ fyrir frábærar útgáfu-veitingar.
4. Gleðileg jól ☺

Fundi slitið 18:21